

Ungmennaráð Menntamálastofnunar



Handbók

Inngangur

Menntamálastofnun er ung stofnun rétt rúmlega eins árs, en hún tók til starfa þann 1. október 2015. Stofnunin vinnur að ýmsum málefnum sem snerta nemendur með beinum eða óbeinum hætti. Má þar nefna útgáfu námsgagna, samræmt námsmat, eftirlit með gæðum skólastarfs, innritun í framhaldsskóla, velferð nemenda, eflingu læsis og svo mætti áfram telja. Til að móta áherslur í þessum málaflokkum er nauðsynlegt að hlusta á raddir nemenda og fá fram þeirra sjónarmið. Því höfum við frá upphafi haft það að markmiði að gefa ungmennum tækifæri til að hafa áhrif á þau málefni stofnunarinnar sem varða þau.

Leiðarljós Menntamálastofnunar er að nemendur fái notið bestu mögulegu menntunar. Í heimi breytinga og óvissu er sem aldrei fyrr brýnt að ungt fólk fái tækifæri til að taka þátt í að móta sína menntun og segja til um hugmyndir sínar og þarfir. Ungmennaráðinu er ætlað að vera vettvangur fyrir slíka þátttöku.

Ungmennaráð Menntamálastofnunar var stofnað 1. nóvember 2016 og í því eru um 20 ungmenni frá samstarfsaðilum okkar sem eru Barnaheill, SAFT, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samfés, Umboðsmaður barna, UNICEF og UMFÍ. Við leituðum til þessara aðila sem nú þegar hafa starfandi ungmennaráð og nýtur stofnunin góðs af reynslu og þekkingu ungmennanna af starfi á öðrum vettvangi.

Ég vil þakka fulltrúunum fyrir að hafa gefið kost á sér í ungmennaráðið og ég hlakka til samstarfs við ráðið í þágu menntunar og hagsmuna nemenda.

Einnig vil ég þakka umboðsmanni barna fyrir góða ráðgjöf og aðgang að efni.



Arnór Guðmundsson
forstjóri Menntamálastofnunar

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Um Menntamálastofnun	3
Hvers vegna er mikilvægt að halda úti ungmennaráði?	3
Tilgangur og markmið	4
Hlutverk fulltrúa	4
Hlutverk fulltrúa sem fulltrúar í ungmennaráðum samstarfsaðila okkar	5
Fundir	5
Ferðakostnaður vegna funda	5
Vinna fyrir utan fundi og verklag	5
Fundarboð og forföll	6
Facebook síða	6
Skipunartími	6
Verklag – breytingar á skipun eða breyttar aðstæður	6
Hlutverk umsjónaraðila	7
Greinargerð	7
Meðmæli	7
Samsetning ráðsins	7
Listi yfir fulltrúa	8
Tölulegar upplýsingar	9

Um Menntamálastofnun

Menntamálastofnun tók að fullu til starfa þann 1. október 2015 og um stofnunina gilda lög [nr. 91/2015](#), sem samþykkt voru á Alþingi í júlí sama ár. Með lögunum er stofnuninni falin umfangsmikil verkefni á sviði menntamála og með gildistöku laganna voru

Námsgagnastofnun og Námsmatsstofnun lagðar niður og verkefni þeirra færð til

Menntamálastofnunar ásamt ýmsum verkefnum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið sinnti áður. Einnig hefur stofnuninni verið falin umsjón með nýjum verkefnum. Dæmi um verkefni Menntamálastofnunar eru:

- alþjóðlegar rannsóknir
- innritun fatlaðra á starfsbrautir í framhaldsskólum
- innritun í framhaldsskóla
- leyfisbréf fyrir kennara
- læsisverkefnið (Þjóðaráttak um læsi)
- námsgagnaútgáfa
- samræmd könnunarpróf
- staðfestingar námsbrautalýsinga framhaldsskóla
- upplýsingamiðlun um menntamál í Evrópu (Eurydice, Refernet)
- viðurkenningar á skólum
- vottun á námskrám framhaldsfræðslu

Markmið

Að nemendur fái notið bestu mögulegrar menntunar

Hlutverk

Að stuðla að auknum gæðum og framförum í menntun á Íslandi og til þess nýtir stofnunin bestu fánlegu gögn og þekkingu í samræmi við alþjóðleg viðmið

Hvers vegna er mikilvægt að halda úti ungmennaráði?

Ungmennaráð Menntamálastofnunar er mikilvægur samráðsvettvangur um verkefni stofnunarinnar. Nemendur eru okkar helstu hagsmunaaðilar og við viljum hlusta á hvað ungmenni hafa til málanna að leggja í okkar vinnu.

Menntamálastofnun leggur auk þess áherslu á það sem fram kemur í 12. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem byggir á því að börn eiga rétt á því að koma skoðunum sínum á framfæri í málum sem þau varða. Greinin hljóðar svo:

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjáltslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.
2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Tilgangur og markmið

Ungmennaráð Menntamálastofnunar er vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og til þess að hafa áhrif á málefni og verkefni stofnunarinnar sem snúa að börnum og ungmennum.

Markmið funda með stofnuninni er að ræða ýmis mál og verkefni sem stofnunin hefur með höndum og varða börn og ungmenni.

Hlutverk fulltrúa

Hlutverk fulltrúa í ungmennaráði Menntamálastofnunar er að:

- Vera ráðgefandi fyrir Menntamálastofnun um málefni og verkefni stofnunarinnar sem snúa að börnum og ungmennum.
- Vera ráðgefandi um framtíðarsýn í þeim málum sem varða þeirra aldursflokk, eins og t.d. útgáfu námsefnis, námsmat, innritun og fl.
- Vera starfsmönnum Menntamálastofnunar innan handar í einstökum verkefnum ef tími og aðstæður fulltrúa leyfa.
- Sitja fundi, málþing eða ráðstefnur á vegum Menntamálastofnunar, ef þurfa þykir.
- Halda erindi á ráðstefnum, skrifa greinar í blöð og funda með ráðamönnum.
- Auglýsa og dreifa skv. beiðni stofnunarinnar þar um verkefnum, viðburðum og fl. á samfélagsmiðlum.

Hlutverk fulltrúa sem fulltrúar í ungmennaráðum samstarfsaðila okkar

- Kynning á afrakstri vinnu í ungmennaráði Menntamálastofnunar á vettvangi samstarfsaðila okkar.
- Kynning á afrakstri vinnu í ungmennaráði samstarfsaðila okkar á vettvangi ungmennaráðs Menntamálastofnunar.

Það er háð ykkar mati á hvað hentar og á við hverju sinni.

Fundir

Ungmennaráðið fundar 1-2 á ári. Fundardagskrá er til grundvallar hverjum fundi, en dagskrárefni hennar geta verið bæði frá Menntamálastofnun og frá ráðinu.

Menntamálastofnun sér um að fá leyfi frá skólasókn vegna funda. Vegna þeirra fulltrúa sem eru undir 18 ára aldri er að sjálfsögðu einnig leyfi foreldra fengið.

Ferðakostnaður vegna funda

Flugferðir og pantanir eru afgreiddar og greiddar af Menntamálastofnun. Stofnunin greiðir auk þess ferðakostnað samkvæmt framlögðum reikningum (frumrit), svo sem leigubílakostnað frá flugvelli, rútuferðir og akstur í eigin bíl (tilgreina þarf kílómetrafjölda).

Vinna fyrir utan fundi og verklag

Auk þess að funda reglulega með Menntamálastofnun og vera ráðgefandi aðili í ýmsum verkefnum er hlutverk fulltrúa einnig í því fólgið að sækja fundi, málþing, kynningar eða ráðstefnur sem stofnunin heldur eða er aðili að, ef tími og aðstæður fulltrúa leyfa. Einnig gæti stofnunin leitað til fulltrúa með að skrifa greinar í blöð og tímarit og til að funda með ráðamönnum eða beðið fulltrúa um að koma á framfæri á samfélagsmiðlum, einhverju sem varðar stofnunina.

Fulltrúar geta hvenær sem er einstaklingslega eða ráðið í heild sinni, eða í samvinnu við önnur ungmennaráð, komið á framfæri ályktun eða erindi til stofnunarinnar með milligöngu umsjónaraðila.

Verkefnavinnu sem til fellur skipuleggja fulltrúar sjálfir á facebook síðu sinni og geta auðvitað leitað aðstoðar umsjónaraðila vegna vinnunar. Aðalatriði verkefnavinnu er að ákveðið sé hvað eigi að gera, hver ætlar að vinna hvaða verkþátt, verklok og eftirfylgni.

Fundarboð og forföll

Boðað er til funda með að minnsta kosti mánaðarfyrirvara á facebook síðu ráðsins.

Mikilvægt er að boða forföll á fund.

Facebook síða

Á facebook síðu ráðsins fara flest samskipti fram milli umsjónaraðila og ráðsins og á milli fulltrúanna sjálfra. Facebook síðan er með lokaðan aðgang en þó ekki leynilegan þannig að hægt er að sjá og finna hana á facebook en ekki sjá samskipti. Síðan er einungis ætluð fyrir samskipti sem varða ungmennaráð Menntamálastofnunar.

Skipunartími

Miðað er við 2ja ára skipunartíma að hámarki, en skipunartími núverandi ráðs er frá 1. nóvember 2016 – 30. október 2018.

Verklag – breytingar á skipun eða breyttar aðstæður

Ef fulltrúi hættir í framhaldsskóla: Það atriði verður að skoðast í hverju tilviki fyrir sig. Vill fulltrúi halda áfram í ráðinu? Af því gefnu að fulltrúi sé áfram í ungmennaráði samstarfsaðila okkar þá er möguleiki á því að hann sé áfram í ungmennaráðinu. Þó að fulltrúi hætti í framhaldsskóla þá hættir hann e.t.v. ekki að hafa áhuga á skólamálum. Fulltrúi hefur samband við umsjónaraðila.

Ef fulltrúi hættir í ungmennaráði samstarfsaðila MMS: Í þessu tilviki verður fulltrúi að hætta líka í ungmennaráði MMS. Ráðið er skipað fulltrúum úr ungmennaráðum samstarfsaðila okkar. Fulltrúi hefur samband við umsjónaraðila.

Ef fulltrúi vill hætta í ungmennaráði MMS: Fulltrúi hefur samband við umsjónaraðila.

Hlutverk umsjónaraðila

Hlutverk og verkefni umsjónaraðila eru hvað helst þessi:

- Tengiliður milli Menntamálastofnunar og ungmennaráðsins.
- Skipuleggur og boðar fundi ráðsins.
- Kemur fyrirspurnum og erindum frá ráðinu í viðeigandi farveg innan stofnunarinnar.
- Heldur utan um eftirfylgni fyrirspurna og erinda.
- Semur árlega greinargerð um störf ráðsins og sendir til umsagnar ráðsins.

Greinargerð

Umsjónaraðili sér um að semja árlega greinargerð um störf ráðsins sem verður hluti af ársskýrslu Menntamálastofnunar. Greinargerðin er send til umsagnar ráðsins. Greinargerðin nýtist líka komandi fulltrúum til þess að marka sín störf og auðveldar þeim að taka við setu í ráðinu.

Meðmæli

Allir fulltrúar fá viðurkenningarskjal ásamt staðfestingu um þeirra störf í ungmennaráðinu. Meðmæli eru útbúin fyrir þá fulltrúa sem þess óska.

Samsetning ráðsins

Átta fulltrúar koma frá ungmennaráðum sveitarfélaga (Samband íslenskra sveitarfélaga) og tveir fulltrúar eru frá hverjum samstarfsaðila. Ráðið er 20 manna ráð, en tveir varamenn eru í ráðinu frá Reykjavíkurborg og Reykjanesbæ. Að öllu jöfnu eru ekki varamenn í ráðinu, en vegna gífurlegs áhuga á þátttöku er talið sjálfsagt að hafa tvo varamenn þessara aðila.

Listi yfir fulltrúa

Samstarfsaðilar	Fulltrúar ungmennaráða
Barnaheill	Gunnar Ágústsson
Barnaheill	Ingibjörg Ragnheiður Linnet
SAFT	Anna Mínerva Kristinsdóttir
SAFT	Guðný Rós Jónsdóttir
Umboðsmaður barna	Inga Huld Ármann
Umboðsmaður barna	Kristján Helgason
UMFÍ	Ástþór Jón Tryggvason
UMFÍ	Haukur Orri Kristjánsson
UNICEF	Jökull Ingi Þorvaldsson
UNICEF	Marta Valdís Reykdal
Samfés	Brynja Rún Guðmundsdóttir
Samfés	Júlíus Viggó Ólafsson
Ungmennaráð sveitarfélaga	
Akureyrarkaupstaður	Hulda Margrét Sveinsdóttir
Fjarðabyggð	Sigurður Ingvi Gunnþórsson
Hafnarfjarðarbær	Bjarki Steinar Viðarsson
Reykjanesbær	Berglín Sólbrá Bergsdóttir, varam. Jón R. Magnússon
Reykjavíkurborg	Sindri Smárason, varam. Eyrún Magnúsdóttir
Stykkishólmsbær	Sara Rós Hulda Róbertsdóttir
Sveitarfélagið Árborg	Pétur Már Sigurðsson
Sveitarfélagið Hornafjörður	Sigrún Birna Steinarsdóttir

Tölulegar upplýsingar


Hér á eftir eru ýmsar fróðlegar upplýsingar um samsetningu ráðsins.

Aldursskipting fulltrúa

Fjöldi fulltrúa	Fæðingarár
2	1997
5	1998
2	1999
6	2000
4	2001
1	2002


Yfirlit yfir skóla sem fulltrúar sækja

Af 20 fulltrúum í ungmennaráðinu eru 15 fulltrúar í skólum á framhaldsskólastigi en fimm í grunnskólum.



Kynjaskipting fulltrúa

Af 20 fulltrúum í ungmennaráðinu eru 10 piltar og 10 stúlkur.



Með góðfúslegu leyfi Umboðsmanns barna var stuðst við efni frá embættinu við gerð handbókarinnar.